



1944 Í FERMINGARBUXNADRAGTINNI



1951 MEÐ KENNARAPRÓFIÐ UPP Á VASANN

Þegar Hólmfríður byrjaði að sýna sín eigin verk á samsýningum og í síðari textílvörkum hennar, bæði í veggteppum og t.d. í altarisbúnaði sem hún gerði fyrir Frikirkjuna í Reykjavík og höklum sem nú eru í Hönnunarsafni Íslands.

Sé horft til þess hve mikið starf Hólmfríður hafði unnið í textíllistinni, bæði við kennslu og sjálfstæða sköpun, hefur það komið mörgum á óvart að hún einbeitti sér að pappír þegar kom að því að halda fyrstu einkasýninguna 1983. Hún fylgdi henni síðan eftir með stærri sýningu í Gallerí Borg árið 1985 og aftur sýndi hún verk úr pappír. Í viðtali fyrir sýninguna sagði hún: „Ég vel pappírinn vegna þess að hann hefur orðið útundan. Flestir fleygja honum sem hverju öðru drasli og sjá ekki að þetta er gullfallegt efni.“ Í raun hafði Hólmfríður farið að vinna með pappír „fyrir alvöru“ strax árið 1974 svo sýningarnar voru henni engin nýlunda heldur afrakstur af áratugar vinnu.

*Mig langaði til að mæta til leiks og reyna að glíma við nýjan tón innan þeirrar endurnýjunar sem stöðugt fer fram á hefðinni. Pappírinn sem náttúrulegur efniviður gefur í margbreytileik sínum nær óendanlega möguleika á úrvinnslu. Það má rífa hann, krumpa, lita eða tæta niður til endurvinnslu. Hrynjandi pappírsins er alltaf jafnheillandi. Með pappírnum má ná fram hárfínum og glöðum áhrifum eða þungum og möttum ... Mér finnst eins og pappírinn gefi aldrei eftir af eðli sínu. Hann er sílifandi efniviður með spennuna eða spennuleysið að aðalsmerki.*

Sýningin í Gallerí Borg vakti meiri athygli en sýningin í Listmuna-húsinu enda var hún umfangsmeiri. Valtýr Pétursson skrifaði um hana í *Morgunblaðið* og sagði: „Þarna er á ferð mjög hógvælistakona, sem kemur sínum málum ágætlega á framfæri, og óvenjulega vel tekst henni að sannfæra áhorfanda um, að hún stundi listgrein sína af mikilli stillingu og innlifun.“ Aðalsteinn Ingólfsson skrifaði útarlegri dóm um sýninguna í DV þar sem hann greinir aðferð Hólmfríðar og listræn markmið hennar:

*Hólmfríður virðist í stöðugri sókn sem myndlistarmaður. Þótt einfaldleikinn sé enn í fyrirrúmi í myndum hennar tekst henni að tæpa á ótal möguleikum í uppbyggingu, áferð og litrófi. Hún gengur að mestu leyti út frá ákveðnu frumlagi, stórum pappírsformum sem hún krumpa, rífur til og frá, eða pressar. Þessi form gefa tóninn, ef svo má segja, bæði í lögun og litbrigðum, og síðan tekur listamaðurinn mið af þeim, þegar hún skapar þeim andlag ... Þó er í þessum verkum sterk rýmiskennnd, áréttuð með flötum sem steyptir eru hver ofan á annan. Sem sagt: gagnvönduð myndlist sem tekst að vekja alls konar kenndir með áhorfandanum.*

Þessi nálgun við pappírinn sem sjálfæðan listmiðil var, sem fyrr segir, enn allnýstárleg þegar Hólmfríður fór að fást við hann á áttunda áratugnum og óhætt er að telja hana einn af frumkvöðlum meðal pappírlistamanna í Evrópu. Vissulega má finna eldri dæmi eins og tilraunir sem nemendur við Bauhaus-skólann í Þýskalandi gerðu undir leiðsögn Josefs Albers. Það var samt ekki fyrr en á sjöunda og áttunda áratugnum að listamenn fóru að reyna að hugsa þennan miðil upp á nýtt og enn þá kemur notkun hans fólki á óvart eins og sést t.d. á því að árið 2009 sýndi almenningssjónvarpsstöð í Bandaríkjunum

(NPR) heimildarmynd sem bar titilinn *The most Exciting New Art Medium: Paper*.

Pappírsverk Hólmfríðar eiga örugglega rætur í þeirri form- og efnishugsun sem hún kynntist á námsárunum. Það var viðhorf sem mótast hafði á millistríðsárunum, ekki síst af vinnu abstraktlistamanna og af samþættingu handverks, fagurfræðirannsókna og skapandi lista eins og hún hafði verið boðuð í Bauhaus-skólanum, Kunsthandwerksskolen í Kaupmannahöfn og víðar. Verk Hólmfríðar eru abstrakt líkt og flatarmálverk abstraktlistamanna en þó liggur í þeim annars konar hugsun vegna þess að hér er það efnið sem talar, ekki bara form, lína og litur eins og frumkvöðlar abstraktsins vildu. Þeir vildu að myndlist yrði eins og tónlist, alfaríð óháð efni og laus við allar tilvísanir í hlutveruleikann. Hér ber hins vegar efnið sjálft merkingu, áferð þess, litur, endurkast o.s.frv. Formræn uppbygging verkanna ræðst svo að miklu leyti af eiginleikum efnisins og samspiili þeirra.

Aðferðin er líka náskyld því sem Hólmfríður og fleiri voru að fást við í textíllist þar sem hefðbundinn myndvefnaður var smátt og smátt að víkja fyrir verkum þar sem efnið var sett í fyrirrúm og látið tala. Í þessu fólust tilraunir með alls konar efni og aðferðir, t.a.m. að vefa með vír eða pappír, eða nota hár, og jafnvel sleppa vefnum alveg og finna nýjar leiðir til að binda saman textílinn. Textíllinn er svo þjálft listform að nánast hvað sem er má fella inn í verkin. Í textílvörkum Hólmfríðar má oft sjá hvernig hún raðar saman flötum sem ofnir hafa verið úr ólíku efni og með mismunandi áferð á svipaðan hátt og hún gerir í pappírsverkunum.

Þótt verkin séu hrein og einföld eins og Aðalsteinn Ingólfsson benti á í gagnrýni sinni 1985 eru þau langt frá því að vera alvarleg eða upphafin. Þvert á móti er í þeim mikill leikur sem liggur einmitt í því að taka skapandi afstöðu til umhverfisins og þess efniviðar sem við finnum þar. Í grein sem hann skrifaði í tilefni af sextíu ára afmæli Myndlista- og handíðaskólans rífaði Bragi Ásgeirsson upp þegar Kurt Zier ávarpaði nýnema og hvatti þá til að safna dóti sem þeir gætu notað: Smáspýtum, eldspýtnastokkum, tvinnakeflum o.fl. Sá sem ætlar að búa til ný leikföng, sagði hann, má ekki hafa gleymt að leika sér sjálfur. Þegar Hólmfríður fór sjálf að kenna lagði hún líka áherslu á frjálsa úrvinnslu efnisins en gætti þess þó að tengja nemendur við handverkshefðir. Það gerði hún einfaldlega með því að láta nemendur koma með efnisbúta, útsaum eða þrjónles frá mæðrum sínum eða ömmum, sem síðan var hægt að ræða um, læra af og þróa áfram. Þetta virðist hafa verið inntakið í starfi hennar við skólamál, námsefnisgerð og kennaramenntun alla tíð: Að kveikja skapandi sýn nemenda á umhverfi sitt.

Þótt ljóst sé að Hólmfríður hafi haft talsverð áhrif á marga yngri listamenn gegnum störf sín að kennslu hafa verk hennar ekki verið aðgengileg, kannski ekki síst vegna þess hve önnur kafin hún hefur verið við að sinna skólamálum. Fyrir utan sýningarnar tvær frá níunda áratugnum og samsýningarnar – sem flestar voru í öðrum löndum – hafa verk hennar lítið sést á opinberum vettvangi. Það er því mikill fengur að sýningu sem dregur saman ágrip af þeim og bók þar sem listunnendur geta í framtíðinni leitað mynda af verkum hennar og áttað sig betur á framlagi hennar til íslenskrar myndlistar.